

# LESBÓK



## Haraldur Jónsson með leiðsögn

Haraldur Jónsson verður með leiðsögn um sýninguna Leiðslu í dag, laugardag, kl. 15 í BERG Contemporary. Grunnstefið í sýningunni er ferðalag áhorfandans og bygging gallerísins sem hugarástands.



Rut Ingólfssdóttir horfir sátt og stolt um öxl á tímamótunum.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

## „Mikil kaflaskil“

Rut Ingólfssdóttir fiðluleikari kveður Kammersveit Reykjavíkur eftir 42 ára starf með útgáfu bókarinnar *Pegar draumarnir rætast*. Einnig koma út á þessu ári fimm diskar með upptökum Kammersveitarinnar sem teknir voru upp að frumkvæði Rutar.

Silja Björk Huldudóttir silja@mbl.is

**P**að verða mikil kaflaskil í mínu lífi nú í desember þegar ég kveð Kammersveit Reykjavíkur með útgáfu bókarinnar *Pegar draumarnir rætast* og útgáfu fjögurra diskar,“ segir Rut Ingólfssdóttir fiðluleikari og einn tólf stofnfélaga Kammersveitar Reykjavíkur árið 1974 sem verið hefur í forsvari fyrir sveitina áratugum saman.

„Í vor sem leið ákvað ég að draga mig endanlega í hlé frá störfum fyrir Kammersveitina, bæði sem fiðluleikari og formaður,“ segir Rut og rifjar upp að hún hafi í ársbyrjun 2010 hætt forystu fyrir Kammersveitina þó að hún héldi áfram að spila með sveitinni og halda utan um geisladiskaútgáfuna. Árið 2014 tók hún aftur við forystu Kammersveitarinnar, en nú tveimur árum síðar er komið að leitarlokum og hyggst Rut snúa sér að öðrum verkefnum eftir 42 ára starf með Kammersveitinni.

„Um svipað leyti fékk ég þá hugmynd að skrifa bók þar sem saga Kammersveitarinnar væri rakinn frá upphafi til dagsins í dag. Á þeim 42 árum sem Kammersveitin hefur starfað hefur orðið ótrúlega mikil breyting á tónlistarlífinu á Íslandi. Þar á Kammersveitin mjög stóran

hlut og því fannst mér mikilvægt að skrá þetta niður,“ segir Rut sem skrifar bókina.

„Þetta eru mínar minningar og mér fannst að ég ætti að koma þessu á blað, þar sem ég er sú síðasta úr upphaflega hópnum sem kveð sviðið. Sex af tólf stofnfélögum eru látnir og þó nokkuð síðan þeir sem hættu síðast á undan mér hættu að spila. Ég taldi einfaldara að ég skræði söguna meðan ég myndi hana en að sagnfræðingur færi að grúska í gögnum síðar meir. Ég hef upplifað þetta allt, staðið fyrir flestu af því sem Kammersveitin hefur gert og spilað flest verkin,“ segir Rut sem hafði efnisskrár liðinna ára við höndina við skrifin og leitaði heimilda í stóru úrklippusafni.

„Ég ákvað strax að bókinni ætti ekki að vera línuleg heldur væri skemmtilegra að fjalla um staka efnisþætti. Þó nokkuð stór hluti bókarinnar er unninn upp úr blaðavítölum og gagnrýni um tónleika og geisladiska. Þetta veitir góða innsýn í starfið og hugmyndafræðina.“

### Hann gaf okkur áráði

Spurð um einstaka efnisþætti bendir Rut á að sér hafi þótt mikilvægt að skrifa um íslensku tónskáldin, vináttuna og samvinnu sveitarinnar við þau. „Mér fannst nauðsynlegt að

viðburðir fara fram núna, átti margir sig ekki á því hversu löng og ströng baráttan fyrir tónlistarhúsi var. Við vorum alltaf að leita að hentugum tónleikastöðum, sem við fundum reyndar t.d. í Áskirkju og Listasafni Íslands eftir að þau voru byggð. Ég

skrifa um aðkomu stjórn-

enda og hef sér-

stakan kafla

um Paul Zu-

kofsky, því ég

held að Kamm-

ersveitin eigi

honum mikið að

þakka. Hann kom

inn í starf Kamm-

ersveitarinnar árið

1980 á tvísýnum tím-

um. Sveitin naut mikillar

velgengni og drifkrafturinn

var mikill fyrstu árin. Eftir

nokkur ár byrjaði aðsóknin að

dala auk þess sem það fór að

síga í hjá hljóðfæraleikum að

spila launalaust. Þá hófst samstarfið

við Paul, en hann vann með okkur ár-

lega fram til 1991,“ segir Rut og tekur

fram að framlag Pauls Zukofskys

hafi verið ómetanlegt. „Hann gaf

sveitinni áráði í efnisvali sem eflði

okkur í að takast á við verk sem voru

okkur næstum því ofviða, en við

þroskuðumst í glímunni. Hann gerði ótrúlegar kröfur sem varð til þess að við urðum betri hljóðfæraleikarar. Síðast en ekki síst var hann einstaklega vandvirkur og kenndi okkur hvað góður undirbúningur fleytir manni langt.“

### Gaman að rifja upp söguna

Innt eftir því hvort eitthvað hafi komið sér á óvart í skrifunum svarar Rut því játandi. „Ekki síst hvað ég hafði gaman af að rifja þetta allt upp, en einnig t.d. hvað við höfum verið ótrúlega dugleg að halda tónleika vött og breitt um landið sem og erlendis,“ segir Rut og bendir á að Kammersveitin hafi haldið 40 tónleika á tónleikaferðum innanlands og 42 tónleika á ferðum erlendis. „Annað sem kom mér á óvart var hversu mörg tónverk við höfum flutt á þessum tíma. Þetta var miklu meira að umfangi en ég hafði gert mér grein fyrir,“ segir Rut og bendir á að frá stofnun og til dagsins í dag hafi Kammersveitin flutt 151 verk eftir 46 íslensk tónskáld og 439 verk eftir 178 erlend tónskáld.

„Af einstökum tónskáldum hefur Kammersveitin m.a. flutt 31 verk eftir Bach samtals 88 sinnum og 32 verk eftir Mozart 81 sinni. Eftir íslensk



beina sjónum mínum að efnisvalinu í árunna rás og reyna að gera grein fyrir hvernig við völdum verkin á efnisskránnar. Ég hef sérstakan kafla um tónleikastaðina því ég held að með tilkomu Hörpu, þar sem flestir tónlistar-